

Fundargerð - Árlegur samráðsfundur menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og fagfélaga í safnastarfi

Árlegur samráðsfundur menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og fagfélaga safnastarfs, eins og tilgreindur er í 7.gr. safnalaga nr. 141/2011, var haldinn miðvikudaginn 25. júní 2025 kl. 10.00-11.15 í húsakynnum Safnaráðs að Austurstræti 5.

Fundarstjórn: Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs var fundarstjóri, Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu Safnaráðs ritaði fundargerð.

Viðstaddir voru:

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti: Logi Einarsson, ráðherra; Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri, Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri menningar og skapandi greina, Halla Jónsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Vilhelmína Jónsdóttir og Hildur Jörundsdóttir sérfræðingar á skrifstofu menningar og skapandi greina.

Frá Safnaráði: Vilhjálmur Bjarnason, formaður, Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, varaformaður, Hlynur Hallsson, Guðrún Dröfn Whitehead og Jóhanna Erla Pálmadóttir.

Frá Listasafni Íslands: Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri og Elísa B. Guðmundsdóttir formaður starfsmannafélags LÍ.

Frá Náttúruminjasafni Íslands: Ragnhildur Guðmundsdóttir, settur forstöðumaður og Margrét Rósa Jochumsdóttir, formaður starfsmannafélags NMSÍ.

Frá Þjóðminjasafni Íslands: Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður og Kristján Hannesson formaður starfsmannafélags ÞMSÍ.

Fyrir hönd eftirtalinna fagfélaga mættu;

- FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnafólks; Kristín Halla Baldvinsdóttir, formaður
- Íslandsdeild ICOM; Hólmur Hólm, formaður
- Félag fornleifafræðinga; Snædís Sunna Thorlacius formaður
- Sagnfræðingafélag Íslands; Ragnhildur Anna Kjartansdóttir, formaður
- Félag þjóðfræðinga á Íslandi; Dagrún Ósk Jónsdóttir, formaður
- Félag íslenskra náttúrufræðinga; Þorkell Heiðarsson formaður og Runólfur Vigfússon lögfræðingur FÍN
- Listfræðafélag Íslands; Margrét Áskelsdóttir, formaður
- NKF-Ísland - Félag norrænna forvarða á Íslandi; Ingibjörg Áskelsdóttir, formaður
- Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands; Guðrún Dröfn Whitehead, lektor

1. Kynning

Samráðsfundur er eins til tveggja klukkutíma staðfundur sem boðaður er að jafnaði einu sinni á ári. Fundarboð var sent með tölvupósti þann 11. júní 2025 eða með tveggja vikna fyrirvara.

Eftirfarandi fagfélög og stofnanir fengu fundarboð: Félag fornleifafræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag íslenskra safnafræðinga, Félag þjóðfræðinga á Íslandi, FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnafólks, Íslandsdeild ICOM, Listasafn Íslands auk starfsmannafélags, Listfræðafélag Íslands, Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands, Náttúruminjasafn Ísland auk starfsmannafélags, NKF-Ísland - Félag norrænna forvarða á Íslandi, Safnaráð, og starfsmenn þess, Sagnfræðingafélag Íslands, SÍM - Samband íslenskra myndlistamanna, Þjóðminjasafn Ísland auk starfsmannafélags.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Þetta var fyrsti samráðsfundur núverandi ráðherra en annar samráðsfundur sem hefur verið haldinn. Fundurinn var með óformlegri dagskrá en ráðherra opnaði fundinn með erindi.

2. Erindi ráðherra

Logi Einarsson, ráðherra hóf fundinn með erindi. Þar lýsti hann yfir ánægju að taka stöðuna á safnageiranum, eiga milliliðalaust samtal við fagfélögin og stofnanir á þessum samráðsfundi. Hann ræddi að ráðuneytið taki stefnumótandi ákvarðanir um umgjörð safnastarfs en hlutist ekki til um einstakar ákvarðanir eða verkefni stofnanna. Lítur svo á að það sé sameiginlegt keppikefli og markmið allra á fundinum að hér þrífist faglegt safnastarf og að umgjörð þess sé eins og best verður á kostið á hverjum tíma.

Í erindi sínu stiklaði ráðherra á stóru á ýmsum verkefnum sem eru í vinnslu innan ráðuneytisins.

Vinna við kortlagningu og greiningu á **varðveisluhúsnæði** allra stofnana ráðuneytisins stendur yfir þar sem m.a. er farið yfir ástand þess, þörf fyrir breytt eða aukið húsnæði, samlegðarmöguleika o.fl. Kallað var eftir upplýsingum frá stofnunum sjálfum sem eru á misjöfnum stað hvað þetta varðar. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir. Ljóst er að ákveðnar stofnanir glíma við aðkallandi vanda vegna varðveisluhúsnæðis og á það var m.a. bent í skýrslu um **Listasafn Íslands** sem kom út á síðasta ári. Ýmsir möguleikar hafa nú þegar verið skoðaðir til að bregðast sérstaklega við. Á allra næstu vikum mun taka til starfa hópur með fulltrúum ráðuneytisins, Listasafnsins og FSRE (Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir) sem verður falið að gera forathugun á valkostum til að bregðast við stöðu Listasafnsins.

Því næst nefndi ráðherra þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru hjá **Þjóðminjasafninu** í maí sl. og hafa verið í umræðunni. Ráðherra sagði að hann hefði ekki hugsað sér að ræða það mál sérstaklega af fyrra bragði enda mikilvægt að stofnanir, líkt og Þjóðminjasafnið, séu sjálfstæðar og hafi svigrúm til að stýra starfsemi sinni án beinnar aðkomu ráðuneytisins. Vísaði ráðherra í mikilvægi armslengdar ráðuneytis frá stofnunum. Þá kom fram að varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafnsins er hluti af þeirri heildarskoðun á varðveisluhúsnæði sem nú stendur yfir.

Ráðherra ræddi næst um **Náttúruminjasafn Íslands** sem um þessar mundir stendur á tímamótum. Fyrirséðar eru miklar og jákvæðar breytingar á starfsemi þess þegar safnið

mun flytjast í nýtt húsnæði á Seltjarnarnesi með nýrri grunnsýningu. Þessi verkefni eru hins vegar fjárfrek og upplýsti ráðherra að ráðuneytið hefði þurft að setja önnur verkefni á ís til að forgangsráða fjármagni í nýtt húsnæði og sýningargerð Náttúruminjasafnsins. Jafnframt stendur yfir samtal við settan forstöðumann safnsins um hvernig aðlaga megi sýninguna að fyrirbyggjandi fjárhagsramma. Umfangið er mikið en hugur ráðherra er sá að fylgja verkefninu eftir og koma því í höfn.

Varðandi **tillögur hagræðingarhóps** ríkistjórnar sagði ráðherra að hann vildi taka af öll tvímæli um að hugmyndir að sameiningu stofnana eins og þær birtust í tillögum hópsins, eru ekki til vinnslu í ráðuneytinu. Ráðuneytið sé vissulega með augun á að gera rekstur menningarmála skilvirkari og nýta fjármagnið vel sem er til ráðstöfunar, m.a. með því að skoða samlegð eða sameiningu stofnana á faglegum forsendum.

Á árinu 2023 öðlaðist [Haag](#) samningur um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum frá 1954 gildi hér á landi. Í kjölfarið var Safnaráði falið að hefja vinnu við gerð viðbragðsáætlana hjá söfnun og er sú vinna hafin og yfirstandandi. Viðeigandi viðbragðsáætlanir í tengslum við menningarverðmæti í vopnuðum átökum eru ekki einkamál ráðuneytis menningar. Um er að ræða samtal sem þarf að eiga sér stað þvert á ráðuneyti og stofnanir. Það samtal er hafið og næstu skref eru að formgera samráðsvettvang til að tryggja samhæfingu og miðlun upplýsinga sem og mögulegar tillögur um aðgerðir.

Að lokum nefndi ráðherra að Stjórnarráðið vinnur nú sameiginlega að gerð **aðlögunaráætlunar vegna loftslagsbreytinga**. Inn í þá vinnu hefur ráðuneytið bent á mikilvægi viðeigandi varðveisluhúsnæðis, áhrif loftslagsbreytinga á varðveislu torfhúsaarfleifðar sem og gildi þess miðlunarhlutverks sem söfn hafa. Þá hefur í þessu samhengi, sem og í tengslum við gerð viðbragðsáætlana, **stafvæðing menningararfs** komið til umfjöllunar. Til eru ýmsar skýrslur og greinar sem komnar eru nokkuð til ára sinna og þarfnast mögulega endurskoðunar.

Ráðherra ræddi lauslega hugmyndir um að Ísland og Úkraína gætu átt samstarf á þessu sviði og hvort möguleiki væri að Íslendingar gætu lagt þar eitthvað af mörkum t.d. gæti íslenskt safnafólk komið að slíkum verkefnum fyrir Úkraínu þar sem mannskapinn vantar.

3. Umræður

Orðið var laust og umræður fóru víða.

- Ragnhildur, settur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, tók vel í orð ráðherra um safnið og að hann sé staðráðinn í að fylgja verkefninu í höfn. Hún áréttaði hversu gríðarlega mikilvægt það sé. Ragnhildur ræddi í því samhengi um hvort ekki þyrfti að opna formlega kanala þvert á ráðuneyti t.d. umhverfisráðuneytið sem er mikilvægt fyrir Náttúruminjasafnið. Mörg verkefni þurfa að vinnast þvert á ráðuneyti eins og t.d. viðbragðsáætlanir og aðlögunaráætlun vegna loftlagsbreytinga, svo það væri til mikils unnið að formgera slíkt samráð. Þorkell Heiðarsson tók til máls fyrir hönd FÍN og lýsti yfir ánægju að nú sér fyrir endann á heimilisleysi Náttúruminjasafnsins og að það væri gleðilegt að ráðherra væri áfram um málið.
- Ingibjörg hjá LÍ ræddi um Creative Europe sjóð Evrópusambandsins, en Listasafn Íslands væri að biðja eftir niðurstöðum vegna umsóknar um varðveislu tímatengdra miðla. Hún benti á að hægt væri að sækja um í þann sjóð í samstarfi við Úkraínu.
- Meira var rætt um samstarf Íslands og Úkraínu t.d. hvort að Ísland gæti varðveitt eitthvað af menningararfi Úkraínu eða haft safngripi frá Úkraínu á sýningum sem væri gott fyrir t.d. fólk frá Úkraínu sem byggi hér á landi.
- Snædís Sunna varpaði fram spurningu um stöðuna á Sarpi nú þegar búið er að segja upp starfsfólki hjá Þjóðminjasafni Íslands sem hafði séð um vinnu við Sarp. Harpa svaraði því til að í dag væri Sarpur sjálfstæður rekstraraðili sem í upphafi væri runninn undan Þjóðminjasafninu og margt starfsfólk safnsins vinni við skráningar í Sarpi. Þá ræddi Harpa jafnframt um stöðuna á Sarpi sem nú styttest í að ný útgáfa af honum verði tekin til notkunar og þar með verði skráningarvinna eflað. Rætt var um hvernig Sarpur er fjármagnaður og hvort að ráðuneytið geti komið þar sterkari inn. Höfundavarið efni og höfundaréttur er líka stórt verkefni sem þarf að skoða og setja fjármagn. Harpa benti einnig á sóknarfæri Sarps í skólastarfi en þar er að finna mikið efni til fræðslu sem nýst gæi vel sem kennsluefni og aukið aðgengi verulega.
- Vilhjálmur Bjarnason sagði að eftirlitsskýrslur um viðurkennd söfn undirstrika bágborna stöðu varðveislumála. Varðveislurými eru afgangstærð í augum sveitarfélaga en safnasjóður hefur reynt að styðja við verkefni tengd þessum málum að mestu getu.
- Vilhjálmur formaður Safnaráðs og Harpa Þórsdóttir ræddu merkingar safna með samræmdum hætti og hvernig hægt væri að ná til ferðamanna, m.a. í tengslum við stöðluð brún vegaskilti eins og þekkjast í Evrópu og víðar. Þá var nefndur vinnuhópur um brún skilti sem eru gríðarlega mikilvæg fyrir söfnin sem og ferðamenn og dreifingu þeirra. Harpa sagði frá vinnu í starfshópnum og að skv. fyrstu hugmyndum hefði aðeins Þingvellir uppfyllt staðla og kröfur til að fá umrædd brún skilti. Slíkt sé óásættanlegt fyrir söfn í landinu. Það sé langt í land að ferðamálayfirvöld átti sig á mikilvægi safna og menningarferðaþjónustu almennt. Mögulega væri gott að hafa Safnaráð sem fulltrúa safna í hópastarfi hjá Ferðamálastofu. Ef það er vilji Vegagerðarinnar að dreifa umferðinni um landið þar gætu söfn komið sterk inn.
- Guðrún Dröfn ræddi ferðamálin frekar og m.a. um skilgreiningarmál innan safna varðandi ferðaþjónustu, að söfn séu líka ferðaþjónustuaðilar. Söfn geta verið seglar og þurfa að markaðsetja sig betur í ferðamálum. Guðrún Dröfn nefndi dæmi um að Reðursafnið væri dæmi um safn sem hefur skilning á ímynd sinni og sérstöðu og nýtir það í markaðsmálum sínum á áhrifamikinn hátt og eitthvað væri hægt að læra

af þeim. Markaðsmál má ekki vera feimnismál heldur er það snar þáttur af miðlunarhlutverki safnanna og sértekjukrafa á söfn væri skýr sem knýr þau áfram til að skoða þetta betur. Það þarf að byggja brýr við fræðasamfélagið og safnasamfélagið – þetta er átaksverkefni og verkefni margra. Söfn þurfa að aðlagast þessum breytta veruleika í ferðaþjónustunni.

- Guðrún Dröfn ræddi einnig að í hjá námsbraut í safnafræði við HÍ væru tækifæri til að mennta næstu kynslóð safnafólks með námskeiðum, t.d. í skráningu, ferðamálum og náttúruvæ, eða öðru því sem þörf er á hverju sinni, en það þarf aukið fjármagn og stuðning.
- Arna Kristín ræddi um ráðstefnuna Menningarauðlind ferðaþjónustunnar sem haldin var í maí og að þar hefði verið fulltrúar menningar en vöntun á fulltrúum frá ferðaþjónustunni.
- Þóra Björk nefndi að náttúran virðist vera aðal söluvaran sem fær gesti til að kaupa flugmiða til Íslands, en hvar geta söfnin komið inn í þá virðiskeðju? Í aðgerðaráætlun um safnastarf er ein aðgerð sem snýr að samvinnu í kynningarmálum eða samræmda kynningarstefnu safna. Skilgreina þarf sameiginleg hagsmunamál og í samvinnu geta hlutir orðið skilvirkari.
- Í tengslum við umræður um markaðssetningu og ferðamál var rætt var söfnun á tölulegum gögnum í söfnum og hvernig þeim er haldið til haga. Harpa sagði frá spurningavögnum og mælaborðum sem gætu gefið betri mynd af dreifingu gesta og hvernig hægt er að mæta þörfum betur. Spurningarvagnar eru dýrir, þeir geta verið gagnlegir en eru oftast of dýrir fyrir söfn.
- Ingibjörg Áskelsdóttir nefnir að Safnaráði ber ekki skylda til að hafa eftirlit með höfuðsöfnum og rætt var um hvernig þeim eftirlitsmálum gæti verið háttað. Gott væri að fá utanaðkomandi eftirlitsaðila til að gera skýrslu eins og gert var í Listasafni Íslands. Við erum fá á þessu sviði en með utanaðkomandi aðila til eftirlitstarfa getur komið hreyfingu á málum. Áhugavert væri að vita hversu mikið fjármagni hefur verið eytt í áætlanir og skýrslur starfshópa í gegnum árin, á meðan liggja safnmunir undir skemmdum.

Harpa - ráðherra er yfirmaður safnstjóra í tilfelli höfuðsafna, þau eru lögbundnar stofnanir, starfa skv. lögum og lúta eftirlitsskyldu ráðherra, en jafnframt öðru opinberu eftirliti líkt og Ríkisendurskoðunar o.fl. En eftirlitsmál höfuðsafnanna er óleyst og óvíst hvernig ætti að standa að þeim. Hins vegar var það til fyrirmyndar hvernig að varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafnsins var staðið á sínum tíma.

Ábyrgðarhlutverk ríkisstjórnarinnar í varðveislumálum er rík og menningarástand þjóðar kristallast í þeirri vinnu. Öll viðurkennd söfn og höfuðsöfn eru að vinna að viðbragðsáætlun en ef varðveislurými eru ekki í góðum málum þá er það ekki nógu gott. Það vantar langtímaplan, 10-20 ár og stefnumörkun fram í tímann.

- Hlynur lýsti yfir ánægju yfir að ráðherra ætli ekki að taka undir hugmyndir frá hagræðingarhópnum.
- Vilhjálmur benti svo á að söfn eru alltaf að stækka, þau eru þannig í eðli sínu, t.d. ljósmyndasöfn sem hafa að geyma ómetanlega sögu sem þarf að skrá og þolir engar aðhaldskröfur.